



Fundargerð stjórnar SOS nr. 329

Staður: Fundurinn er haldinn á Hótel Örk, Hveragerði.

Dagsetning og tími: 30. október kl. 19:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð.

1. Undirbúningur fyrir aðalfund SOS

Aðalfundur verður haldinn 1. nóvember nk. í tengslum við ráðstefnu SASS á Hótel Örk í Hveragerði. Formaður fór yfir efni aðalfundar og dagskrá. Formaður kynnir að dagskrá fundarins hafi breyst vegna forfalla Elísabetar Björneyjar Lárusdóttur, umhverfissérfræðings SASS, sem fyrirhugað var að héldi kynningu á fundinum. Þess í stað mun formaður fara yfir magn og kostnað úrgangs á starfssvæði SOS 2023 og munu fulltrúar Pure North jafnframt kynna nýútkomna skýrslu um greiningu á kostnaði og tekjum sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs.

2. Önnur mál

Stjórn vill þakka fráfaramandi formanni, Antoni Kára Halldórssyni, kærlega fyrir sitt framlag til starfa nefndarinnar fram að þessu, en fyrir liggur að nýr formaður verður kjörinn á aðalfundinum 1. nóvember nk.

Fundi slitið klukkan 20:23.